

Símafundur 26 apríl 2018

Dagskrá

1. ÍS bændur (Íslenskir stóðbændur) félagsskapur blóðbænda á Suðurlandi spurning um aðild þeirra að FHB
2. Erlendur Garðarsson markaðsráðgjafi og sérlegur stuðningsmaður á afurðasviði (folaldakjöt til Japans) við þurfum að taka ákvörðun um greiðslu til Erlendar sem er ca 300.000 -
3. Uppskeruhátíð 2018, dag og staðsetning – aðalfundur og ráðstefna.
4. Hrossarækt á vesturlandi sameining deildar og HrossVest
5. Upptökur kynbótasýninganna (stöðu þeirrar vinnu)
6. Kynbótasýningar 2018.
7. Horses of Iceland verkefnið.
8. Önnur mál.

Mætt voru Sveinn, Magnús, Jón Bjarni, Vignir og Hallveig sem ritaði fundargerð. Eysteinn hafði boðað forföll.

1. ÍS bændur höfðu samband við Svein og báru sig illa hvað varðar afurðamál. Sveinn og Erlendur funduðu með þeim og fulltrúa Sláturfélags Suðurlands. Á fundinum kom fram að birgðasöfnun hefur átt sér stað með framtíð og ekki útlit fyrir annað en það muni aukast samkvæmt yfirlýsingu frá fulltrúa SS á fundinum og benti hann jafnframt á að verð muni jafnvel lækka en frekar. Það vekur áhyggjur ÍS bænda enda mikilvægt að markaður sé fyrir kjötið og að verðið sé ásættanlegt. Mikil aukning hefur átt sér stað búskap með blóðmerar og hald manna að það muni aukast enn frekar þar sem eftirspurn eftir blóði er langt umfram framboð og er því útlit fyrir að vandinn vaxi enn frekar með kjötið.
Sveinn lagði áherslu á það við fundarmenn (í Landeyjum) að samstaða þyrfti að vera meðal blóðbænda helst á landsvísi sérstaklega í ljósi þess að þessi búskapur er vaxandi bæði fjölgar bændum og þeir sem fyrir eru verða stærri og að samstaðan þarf að ná yfir fleira heldur en afurðahagsmuni því mikilvægt er að rétt og vel sé staðið að þessum búskap hvað varðar velferð á hrossum og meðferð á landi. Með samstöðu aðila mætti mynda félag sem gæti verið aðildarfélag að Félagi hrossabænda en klárt er að hagsmunir stóðbænda eiga heima í því félagi og auðvitað mikilvægt að þeir séu í því félagi ef það á gæta þeirra hagsmuna. Stjórnarmenn sammála nauðsyn þess að stóðbændur gerist félagar í okkar félagi.
2. Uppskeruhátíð: búíð er að festa stund og stað og Gullhamrar urðu fyrir valinu í þetta sinn. Sveinn kannaði hvort Hótel Saga kæmi til greina en það eina sem stoppar það er að Súlnasalurinn tekur ekki nema um 300 manns í mat. 27. Október er dagurinn og Gullhamrar eru pantaðir þann dag og Sprettssalurinn bókaður sama dag fyrir hrossaræktarráðstefnuna. Eysteinn væri okkar tengiliður áfram með starfsfólki LH. Fundarmenn hefðu meiri áhuga á að vera aftur á Hilton / Esju ef þeir fengju að ráða.
3. Möguleiki á samvinnu milli HrossVest og Vesturlandsdeildar FHB ræddur.
4. Kynbótasýningar – upptökur: Sveinn: fannst áhugi á þessu mikill á fundum FHB og RML með hestamönnum í vetur. Ýmsar spurningar kviknuðu á fundunum m.a hvort gæti reynt erfitt að vista jafn umfangsmikið efni og alla kynbótadóma hvers árs en Sveinn búinn að hafa samband Þorberg hjá WF og hann sagði að vistunarmál yrðu ekki vandamál en vissulega þyrfti að gera ákveðnar ráðstafanir. Til stendur að Sveinn og Þorvaldur fundi með fulltrúum WF og einnig með fulltrúum RML þannig að allri óvissu sé eytt varðandi möguleika eða ómöguleika verkefnisins.
5. Kynbótasýningar – mikill áhugi á sýningum í ár, sérstaklega á Suðurlandi, og stefnir í að bætt verði við dómnefnd á seinni vikuna á Hellu.
6. HOI – framundan er skruðreið í miðbæ Reykjavíkur og dagur Íslenska hestsins verður svo haldin á heimsvísu 1. Maí.

7. Erlendur Garðarsson og Félag hrossabænda sóttu um stuðning í ANR ráðuneytið en ekki liggur fyrir hvort stuðningur fáiist. Sauðfjárnændur báru mestan kostnað af Japansferðinni sem farin var í vetur en talað var um að FHB kæmi að þessu með e-u fjárframlagi. Sveinn hafði rætt við hann um að við legðum til 200 – 400 þús. Stjórnarmenn á því að kallað verði eftir samantekt/skýrslu frá Erlendi um hver staðan er núna og hvernig áætlun haustsins lítur út.
8. Meistarafélag kjötiðnaðarmanna: hafa sent ósk um stuðning en spurning hvort verðið sé rétt miðað við umfang í samanburði við aðrar búgreinar. Ákveði að formaður hafi samband við Meistarafélagið varðandi það að við styðjum þá um lægri fjárhæð.
9. Önnur mál ? Vignir spurði um útflutning; miðað við 2. Maí eru farin 479 á árinu en á sama tíma í fyrra höfðu farið 536 hross – s.s. 57 hrossum færri í ár.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.